

Laun stjórna á Íslandi 2024

PwC og Attentus

PwC og Attentus hafa tekið saman lykilupplýsingar á launakjörum stjórna í völdum íslenskum fyrirtækjum árið 2024. Tilgangur þessarar samantektar er að veita innsýn í launagreiðslur, skipan og samsetningu stjórna í skráðum félögum, ríkisfyrirtækjum og lífeyrissjóðum á Íslandi.

Samantektin byggir á gögnum frá 41 fyrirtæki; 25 skráðum félögum, 6 ríkisfyrirtækjum og 10 lífeyrissjóðum. Upplýsingarnar voru fengnar úr ársskýrslum og öðrum opinberum gögnum þessara fyrirtækja*.

Við greiningu á launakjörum stjórnarformanna höfum við skoðað launadreifingu sem birtist í launaböndum (e. *salary bands*). Launabönd sýna dreifingu launa frá 10% neðsta gildi til 90% hæsta gildis. Framsetning niðurstaðnanna sýnir launadreifingu fyrir 10% neðsta launagildið, 25% neðri mörk, 50% mörk (miðgildi), 75% efri mörk og loks 90% hæsta launagildið. Að auki er sýnt meðaltal launa fyrir hópinn.

Greinarmunur er gerður á milli launakjara stjórnarformanna og almennra stjórnarmanna, ásamt því að sýna fram á muninn milli ólíkra tegunda fyrirtækja.

Um framhald

Útgáfa samantektarinnar er liður í undirbúningi að veglegri skýrslu sem PwC og Attentus munu gefa út haustið 2025. Þar verður tekið til skoðunar þróun launa yfir tíma, samanburður og ítarlegri greining á breytilegum launabáttum. Núverandi samantekt er fyrsti hluti þeirrar vinnu og einblínir á að kortleggja núverandi stöðu.

Um samstarfsaðilana

PwC á Íslandi býður upp á víðtæka þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, endurskoðunar og skattamála. PwC gefur árlega út skýrsluna Markaðslaun á Íslandi (Markaðslaun PwC), þar sem er að finna ítarlega greiningu á launaupplýsingum um 160 starfsheita á Íslandi. Ennfremur veitir PwC þjónustu við úttektir á stjórnarháttum.

Attentus sérhæfir sig í alhliða mannauðsráðgjöf fyrir íslensk fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir. Attentus veitir ráðgjöf um allt sem snýr að rekstri út frá áherslum mannauðsstjórnunar ásamt því að bjóða upp á sálfræðiþjónustu með áherslu á atvinnulífið.

Saman búa þessir aðilar yfir víðtækri þekkingu á íslenskum vinnumarkaði og hafa áralanga reynslu í greiningu á launakjörum stjórnenda og stjórna.

* Samantektin byggir á ársreikningum 2023 sem birtar voru árið 2024.



Uppsetning samantektar er þannig að á blaðsíðu 2 birtast lýðfræðilegar upplýsingar um íslenskar stjórnir og á blaðsíðu 3 eru launaupplýsingar.


Tölurnar um lýðfræðilegar upplýsingar sýna athyglisvert mynstur í kynjasamsetningu, þar sem hlutfall kvenna sem stjórnarformenn er hæst í lífeyrissjóðum (70%) en lágt í skráðum félögum (12,5%). Flestir stjórnarmenn og forstjórar eru 50-59 ára, með forstjóra að jafnaði eldri. Meirihluti fyrirtækja (61%) heldur stjórnarfundi oft en mánaðarlega.

Á síðu 3 er að finna launaupplýsingar eftir tegund fyrirtækja, þar sem greint er á milli launa stjórnarmanna og stjórnarformanna.


Sjá má mikinn mun á launum eftir tegund fyrirtækja, þar sem stjórnarformenn í skráðum félögum eru með mun hærri laun (828.419 kr. að meðaltali á fund) en í lífeyrissjóðum (327.203 kr). Sömu tilhneigingar gætir hjá almennum stjórnarmönnum þar sem skráð félög greiða nær tvöfalt hærri laun.

Launadreifingin sýnir að miðgildi árslauna stjórnarformanna er 11 milljónir króna, en mikil dreifing er í hópnum, frá 3 milljónum (10% mörk) upp í 20 milljónir (90% mörk).


Tíðni stjórnarfunda





Aldursdreifing stjórnarmanna og forstjóra %




Hlutfall kvenna sem stjórnarformenn - Meðaltal



Hlutfall kvenna í stjórn - Meðaltal




Árslaun stjórnarformanna (í m.kr.)




Árslaun stjórnarformanna (í m.kr.)

25% mörk Miðgildi 75% mörk



Laun fyrir fund - Meðaltal

Ríkisfyrirtæki Skráð félög Lífeyrissjóðir



Fyrir frekari upplýsingar:



Hafsteinn Már Einarsson

Stjórnandi launa- og mannauðsráðgjafar

hafsteinn.m.einarsson@pwc.com



Örn Valdimarsson

Sviðsstjóri ráðgjafar


orn.valdimarsson@pwc.com



Drífa Sigurðardóttir

Ráðgjafi/Partner

drifa@attentus.is



Jóhann Fleckenstein

Ráðgjafi

johann@attentus.is

